



**Menntaskólinn á Egilsstöðum**

**Skýrsla starfshóps um innra mat  
við Menntaskólann á Egilsstöðum  
2021-2022**

**júní 2022**

## Efnisyfirlit

Almennt um starfið .....	2
Áfangamat .....	3
Dagskólanemar .....	3
Fjarnemar .....	3
Samanburður á svörum dagskólanema og fjarnema .....	4
Starfsmannakannanir .....	5
Starfsmannapúlsinn.....	5
Stofnun ársins.....	7
Jarmið - DSÓ / ERB.....	8
Október jarmið – Ýmsir þættir skólastarfsins (kennarar).....	9
Nóvember jarmið – Könnun um fjarnám meðal kennara (samstarf við Mörtu) .....	9
Febrúar jarmið – Loftslagsmál og kennarafélag (allir starfsmenn) .....	10
Maí jarmið - heimavist og mótuneyti (nemendur).....	11
Nemendakönnun - Skólapúlsinn - DSÓ .....	12
Foreldrakönnun - DSÓ.....	15
Ytra mat - BA .....	16
Lokaorð - DSÓ.....	16

## Almennt um starfið

Skólaárið 2021-2022 var að störfum sex manna nefnd um innra mat Menntaskólans á Egilsstöðum (ME). Hana skipuðu Elín Rán Björnsdóttir, Soffía Ingvarsdóttir, Viðar Örn Hafsteinsson, Dagur Skírni Óðinsson (verkefnisstjóri nefndarinnar), Maríanna Jóhannsdóttir og Bergþóra Arnórsdóttir. Á skólaárinu voru haldnir 24 fundir og bakvið þá liggja samanlagðar starfsmanna 115 vinnustundir. Ótalin er þá vinna mannauðsstjóra við úrvinnslu kannana til kynningar fyrir starfsmenn.

Eins og önnur ár þá hófst vinna innra mats (IM) nefndar strax í skólabyrjun.

Skólinn tók venju samkvæmt þátt í könnuninni um stofnun ársins sem og starfsmannapúlsi sem var sendur út til starfsfólks. Niðurstöður þar voru að langmestu leyti góðar en þær hafa jafnan verið góðar síðustu ár. Skólinn fékk svo í vor afhent verðlaun stofnun ársins 2021 sem staðfesti ME sem góðan vinnustað.

Það var sendur út skólapúls til nemenda að hausti 2021. Niðurstöður þar báru ákveðin einkenni Covid-19 líkt og niðurstöður á landsvísu

Í byrjun skólaárs og undir lok þess var framkvæmt áfangamat á meðan dagskólanemenda og fjarnemenda.

Vor 2022 var send út foreldrakönnun til forráðamanna nemenda, niðurstöður þeirra könnunar voru yfir það heila mjög jákvæðar.

Á skólaárinu voru sendar út fjórar smærri kannanir til að mæla ýmsa þætti en þær ganga undir nafninu Jarmið. Það voru þannig sendar þrjár kannanir til kennara og starfsfólks og ein til nemenda.

Almennt séð gekk starf IM vel á árinu, það voru viðbrigði og náði nefndin að halda áætlun sem lagt var upp með í byrjun skólaárs

## Áfangamat


Áfangamat er framkvæmt þriðju hverja spönn. Tilgangur áfangamats er að fá upplýsingar um upplifun nemenda af áföngum sem kenndir eru og að kennarar fái upplýsingar um hvernig nemendur meta stöðu sína í áföngum og gangvart kennslunni. Heildarniðurstöður eru birtar á heimasíðu skólans og kennarar fá niðurstöður úr áföngum sem þeir kenna.

Á þessu skólaári var áfangamat á fyrri haustspönn og seinni vorspönn. Hér verður stilkad á stóru um niðurstöður áfangamats dagskólanema og fjarnema. Heildarniðurstaða úr áfangamatinu er mjög góð.

## Dagskólanemar

Sendar voru út kannanir til dagskólanema í 637 áföngum á fyrri haustspönn og svöruðu 425 matinu, eða 67%. Á seinni vorspönn var mat lagt fyrir í 558 áföngum og svöruðu 244 matinu, eða 44%.

Um það bil 90-98% dagskólanemenda voru sammála fullyrðingunum sem settar eru fram í matinu. Fullyrðingin sem er hér á myndinni um virkni í kennslustunum er dæmigerð fyrir svörun dagskólanema.




Um 70% dagskólanema nota 1-4 klukkustundir á viku til að sinna náminu fyrir utan bundnar kennslustundir. Það rímar vel við verkefnatíma þar sem gert er ráð fyrir 3-4 verkefnatímum fyrir hvern áfanga.

## Fjarnemar

Kannanir voru sendar út til 362 fjarnema á fyrri haustspönn og svöruðu 125, eða 34%. Á seinni vorspönn voru sendar út 509 kannanir og svöruðu 108, eða 21%.

Almennt voru svarendur jákvæðir gagnvart fjarnáminu, eða 85-93% nemendahópsins. Fullyrðingin um líðan í fjarnáminu var með dæmigerða svörun fyrir hópinn í heild.




Vinnuálag fjarnema er nokkuð mismunandi en flestir noti á bilinu 5-12 klukkustundir á viku við námið í hverjum áfanga.


#### Samanburður á svörum dagskólanema og fjarnema

Þegar borin eru saman svör dagskólanema og fjarnema kemur fram um 5% munur á svörum sem sýnir að dagskólanemar eru heldur ánægðari með námið og kennsluna en fjarnemar. Hafa þarf í huga að þátttaka í könnuninni var mun minni meðal fjarnema. Út frá niðurstöðunni má leiða líkur að því að almennt sækist námið betur í dagskóla en fjarnámi.


Dagskólanemar upplifa betri samskipti við kennara en fjarnemar. Sérstaklega var áberandi að 98% dagskólanema á fyrri haustspönn voru sammála eða frekar sammála fullyrðingunni “Samskipti við kennara eru góð” á meðan 93% fjarnema töldu svo vera á sömu spönn.



Sama munstur kemur fram í fullyrðingunni “kennarinn sýnir fram á tilgang með náminu” þar sem 94% dagskólanema á fyrri haustspönn voru sammála eða frekar sammála því. Á sama tíma voru 90% fjarnema sömu skoðunar.



Í fullyrðingunni “kennarinn leitar eftir álitni nemenda” kom töliverður munur fram á milli dagskóla og fjarnema þar sem 96% dagskólanema töldu kennara leita álits nemenda en 75-83% fjarnema voru sömu skoðunar. Það virðist vera að kennarar eiga auðveldara með að leita álits dagskólanemenda en fjarnema sem má teljast eðlilegt miðað við eðli námsins.




Í opnum svörum nemenda komu fram gagnlegar ábendingar og hrós til kennara og annarra sem að náminu koma, hærra svarhlutfall var frá fjarnemum í þessari spurningu. Það er eðlilegt þar sem dagskólanemar hafa betri aðgang að kennunum til að koma ábeningum á framfæri.

## Starfsmannakannanir


### Starfsmannapúlsinn

Starfsmannapúlsinn var lagður fyrir í mars/apríl 2022. Rannsóknin var aðkeypt meðal annars til að fá samanburð við aðrar stofnanir. Það svöruðu 40 af þeim 48 sem fengu könnunina senda, eða 83%.


Heildar niðurstöður eru frábærar fyrir ME og styðja aðrar niðurstöður sem fengust í vetur. Þó eru þættir sem þarfnast skoðunar. Helstu þættir eru eftirfarandi:




Vinnuálag er þáttur sem unnið hefur verið með síðustu ár og er ánægjulegt að sjá jákvæðar niðurstöður. Lækkun á milli ára eru 2 punktar (úr 4.2 í 4).



Ákaflega jákvætt að sjá skuldbindingu til vinnustaðarins háa. Helgun starfsmanna í starfi er afar eftirsóknarvert að hafa.




Það hefur verið stöðug þróun uppávið síðustu 3 ár. Árið 2020 mældis starfsandi 6.3 í ME. Árið 2021 var hann 6.5 og nú 6.7. Þetta er afar góð þróun og sýnir ánægju starfsmanna með vinnustaðinn og mórallinn innan hans.



Almenn ánægja er með vinnuaðstöðuna en nokkuð hefur verið lagt í að bæta hana síðustu ár með hækkanlegum borðum, bættri aðstöðu á kaffistofu, heyrnatól ofl. Sá þáttur sem helst mætti bæta varðandi vinnuaðstöðu er aðstaða til að taka trúnaðarsamtöl. Fundaerbergið er mikið notað og því oft skortur á aðstöð til að taka samtöl við nemendur eða símtöl sem starfsmenn vilja taka í næði.

Sá þáttur sem kom verst út í könnun var að einelti mældist við stofnunina, en ekki hefur verið tilkynnt um slíkt.




Til að bregðast við þessu var smá vinna á starfdögum varðandi hvað einkenndi menninguna í ME og unnið var með samskipti og styrkleika. Minnt var á eineltisstefnu ME og aðgerðaráætlun. Þá verður framkvæmt félagslegt áhættumat nú á vordögum og út frá því ákveðið næstu skref.

### Stofnun ársins


ME var valin stofnun ársins í flokki meðalstórra stofnana með 40-89 starfsmenn. Heildareinkunn ME eru 4,52 af 5 mögulegum. Ef heildarlisti allra stofnana er skoðaður er ME í 7. sæti og er jafnframt í 3. sæti yfir framhaldsskóla landsins. Niðurstöður úr „Stofnun ársins“ eru í takt við niðurstöður Starfsmannapúlsins, almennt mjög góðar niðurstöður.

Hér fyrir neðan má sjá helstu niðurstöður og samanburð við aðra stofnanaflokka.

### Helstu niðurstöður - Samanburður þátta við allar stofnanir og stofnanir í sama flokki



### Helstu niðurstöður - Samanburður þátta við allar stofnanir og stofnanir í sama flokki



## Jarmið - DSÓ / ERB

Jarmið (ME-púlsinn áður) eru mjög stuttar kannanir sem byggja á því sem er í gangi hverju sinni. Skólaárið 2021-2022 voru eftirfarandi málefni lögð fyrir:

Í október var lögð fyrir könnun á meðal kennara um ýmsa þætti skólastarfsins, í nóvember var unnin könnun meðal kennara í samvinnu við Mörtu Kristínu sálfræðikennara um fjarnám skólans, í febrúar var send út stutt könnun til starfsfólks um loftlags- og kennaramál og að lokum var nemenda Jarm könnun framkvæmd í maí sem sneri að heimavist og mötuneyti.

Hér verða helstu niðurstöður hvernar og einnar könnunar kynntar



## Október jarmið – Ýmsir þættir skólastarfsins (kennarar)

Fyrsta Jarm vetrarins var sent út til kennara og var markmið hennar að mæla ánægju/óánægju kennara með ýmsa þætti tengda skólastarfinu

	MJÖG ÁNÆGD/UR	ÁNÆGD/UR	ÓÁNÆGD/UR	MJÖG ÓÁNÆGD/UR	TOTAL	WEIGHTED AVERAGE
Spannakerfið	71.43% 15	23.81% 5	4.76% 1	0.00% 0	21	1.33
Verkefnatíma	45.45% 10	40.91% 9	13.64% 3	0.00% 0	22	1.68
Námsmatsdaga	56.52% 13	43.48% 10	0.00% 0	0.00% 0	23	1.43
Canvas	86.96% 20	13.04% 3	0.00% 0	0.00% 0	23	1.13
Umsjónarkerfið	23.81% 5	66.67% 14	9.52% 2	0.00% 0	21	1.86
Nýnemadaginn	31.82% 7	63.64% 14	4.55% 1	0.00% 0	22	1.73
Aðbúnað í kennslustofum	56.52% 13	39.13% 9	4.35% 1	0.00% 0	23	1.48
Hópastærðir	13.04% 3	65.22% 15	17.39% 4	4.35% 1	23	2.13


Eins og niðurstöðurnar að ofan sýna þá eru kennarar ánægðir með lang flesta þætti sem spurt var um. Þannig er mjög mikil ánægja með spannakerfið, námsmatsdaga og Canvas kennslukerfið sem er nýlega komið í gagn. Helst má merkja óánægja með hópastærðir og verkefnatíma þó er rétt að benda á að óánægðir svarendur eru í minnihluta þar.

## Nóvember jarmið – Könnun um fjarnám meðal kennara (samstarf við Mörtu)

Þegar að nokkuð var liðið á haust önn skólaársins 2021-2022 þá sendi Innra Mat nefnd skólans út könnun til kennara í samstarfi við Mörtu Kristínu sálfræðikennara. Hennar markmið var að skoða ýmsa þætti tengda fjarnámi en var það hluti af stærri rannsókn sem hún var að vinna á Menntavísindasviði.

Ég fæ nægan tæknilegan stuðning þegar kemur að fjarnámi


Answered: 19 Skipped: 0



Niðurstöður könnunarinnar sýndu að kennarar leitast eftir því að námsumhverfið í Canvas henti fjarnemum vel. Þá telja kennarar sig almennt fá mjög góðan tæknilegan stuðning innan skólans þegar kemur að fjarnámi. Marta skrifaði ritrýnda grein um niðurstöður könnunarinnar sem má nálgast á [Netlu](#).

Ég fékk fullnægjandi menntun um kennslu fjarnema í kennaranámi

Answered: 19 Skipped: 0




Athyglisvert er hversu lélegan undirbúning kennarar telja sig fá í fjarnámi úr kennaranámi sínu en það kom fram í könnuninni að kennarar telja kunnáttu sína í fjarnámi fyrst og fremst koma með reynslunni, vegna námskeiða á vegum skólans og með hjálp frá samstarfsfólki.

### Febrúar jarmið – Loftslagsmál og kennarafélag (allir starfsmenn)

Í febrúar mánuði var send út Jarm könnun til allra starfsmanna en snerist hún fyrst og fremst um loftlagsmál en að auki var ein spurning sem snéri að kennurum og námskeiðahaldi.


Hefur þú kynnt þér loftslagsstefnu ME?

Answered: 33 Skipped: 0



Hefur þú kynnt þér markmið og aðgerðaáætlun ME í loftlagsmálum?

Answered: 33 Skipped: 0




Niðurstöður Jarmsins sýndu að rétt rúmlega helmingur starfsfólksins sem tók þátt í könnuninni hafði kynnt sér loftlagsstefnu ME en rétt tæpur helmingur kynnt sér markmið og aðgerðaáætlun ME í loftlagsmálum, svo þar eru klárlega sóknarfæri.

### Maí jarmið - heimavist og mötuneyti (nemendur)

Undir lok skólaársins var send út könnun til dagskólanema til að kanna ánægju með heimavist og mötuneyti skólans

Fyrir þá sem borða reglulega í mötuneytinu: Hversu ánægð/ur ertu með mötuneytið?


Answered: 73 Skipped: 22



Þeir nemendur sem borða reglulega í skólanum eru almennt ánægðir með mötuneyti skólans.

Fyrir þá sem búa á heimavist: Hvernig líkar þér að búa á heimavistinni?

Answered: 35 Skipped: 60



Þeir nemendur sem búa á heimavistinni almennt séð kunna því vel, þá sýndu niðurstöður könnunarinnar að samskipti nemenda á heimavist við vistarstjóra eru heilt yfir mjög jákvæð.


## Nemendakönnun - Skólalúpsinn - DSÓ

Við framkvæmd nemendakönnunar vetrarins var ákveðið að fara sömu leið og árin á undan, þ.e. að taka þátt í Skólalúpsinum.

Markmið Skólalúpsins er að mæla þætti sem lúta að námsumhverfi, virkni í námi, líðan og auk þess gefst nemendum tækifæri til að svara opnum spurningum. Einn meginkostur þess að taka þátt í Skólalúpsinum er að skólanum gefst tækifæri til að bera sig saman við aðra framhaldsskóla á landinu. Það var aðalástæða þess að ákveðið var að taka þátt þriðja árið í röð.


Úrtakið samanstóð af 157 nemendum og var svarhlutfall rúm 92%. Könnunin var gerð í nóvember 2021.

### 1.1. Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum – Ársmeðaltöl




Ein stærsta breytingin á milli ára er jákvæð breyting á viðhorfi og hollustu gagnvart skólanum og eru svör nemenda við ME mun jákvæðari en meðaltalið á landsvísu.

## 2.1. Námsáhuji – Ársmeðaltöl



Námsáhuji nemenda ME er nánast á pari við aðra nemendur í framhaldsskólum landsins en þó heldur meiri.


## 3.6. Kvíði – Ársmeðaltöl



Á þessari mynd er niðurstaða matsþáttarins borin saman við niðurstöður kannana fyrri ára.


Hvað jákvæðasta breytingin á milli ára er hversu mikið kvíði meðal nemenda skólans lækkar á milli ára og er það þvert á þróunina á landsvísu.

### 3.5. Þunglyndi – Ársmeðaltöl



Sömu sögu er að segja með þunglyndi og kvíða. Þunglyndi meðal nemenda lækkar umtalsvert á milli ára en er þó ekki komið í sama horf og var fyrir Covid19.

### 3.9. Einelti – Ársmeðaltöl



Á þessari mynd er niðurstaða matsþáttarins borin saman við niðurstöður kannana fyrri ára.

Einelti lækkar aðeins á milli ára en auðvitað er það þannig að skólinn vill sjá þá tölu enn neðar og helst í núlli.

Að lokum var nemendum gefið tækifæri til að tjá sig um skólann í opnum spurningum og bar þar mikið á því að þeim þyki skólabragurinn góður, samskiptið við kennara og nemendur þægileg og spennakerfið gott.


## Foreldrakönnun - DSÓ

Í febrúar 2022 var send út könnun til forráðarmanna dagskólanema við Menntaskólann á Egilsstöðum og var svörunin góð.

Niðurstöðurnar heilt yfir voru jákvæðar og fyrir neðan má sjá nokkrar þeirra.

### Ímynd skólans

Answered: 140 Skipped: 0




Forráðarmenn almennt telja ME bæði væri góðan skóla og bera mikið traust til hans.

	MJÖG VEL	VEL	ILLA	MJÖG ILLA	TOTAL
▼ Ég tel að spannrir (8 vikur) henti nemandanum	70.50% 98	28.06% 39	1.44% 2	0.00% 0	139
▼ Ég tel að verkefnatímar henti nemandanum	64.03% 89	31.65% 44	3.60% 5	0.72% 1	139
▼ Ég tel að nemandinn nýti verkefnatímana til náms	42.03% 58	50.00% 69	7.25% 10	0.72% 1	138

Mikil ánægja er með spannakerfið og þá telja forráðarmenn að verkefnatímar henti nemendum auk þess að nemendur nýti verkefnatímann vel.

Hefur þú orðið vör/var við að nemandinn verði fyrir einelti í skólanum?

Answered: 139 Skipped: 1



Sérstaklega gleðilegt var að enginn þátttakenda taldi sig hafa orðið vör/var við að nemandi hafi orðið fyrir einelti í skólanum

Í könnuninni var einnig spurt um líðan nemenda á tímum Covid19 en þar mátti greinilega sjá ánægju með það skólahald sem þó var haldið úti á þeim fordæmalausu tímum.

Þá voru samskipti forráðarmanna við starfsfólk, kennara og stjórnendur skólans góð

## Ytra mat - BA

## Lokaorð - DSÓ

Eins og áður hefur komið fram þá gekk starf IM vel í vetur. Bæði náðist að funda nokkuð þétt og jafnt yfir spönnina sem og að öll markmið nefndarinnar náðust.

Allar kannanir sama hvort þær snúa að nemendum eða kennurum sýna að ME almenn ánægja er með starf skólans af hálfu nemenda. Þá sýna niðurstöður kannana að starfsandinn sé góður og fékk skólinn verðlaun sem Stofnun ársins 2021.

Eins og áður þá þakkar verkefnahópur innra mats nemendum, kennurum og stjórnendum samstarfið á skólaárinu. Starf hópsins hefur gengið vel þrátt fyrir að Jón Ingi Sigurbjörnsson sem hefur farið fyrir hópnum hafi hætt sökum aldurs í lok síðasta skólaárs. Með skilningi stjórnenda á mikilvægi þess að fylgja eftir því sem fram kemur í rannsóknum og þátttöku starfsmanna í könnunum teljum við að enn megi bæta gott starf sem unnið er í Menntaskólanum á Egilsstöðum.

Skýrsluhöfundar:

Dagur Skírniir Óðinsson

Elín Rán Björnsdóttir

Maríanna Jóhannsdóttir

Bergþóra Arnórsdóttir